



Bæjarráð Garðabæjar
B/t bæjarritara
Guðjón E. Friðriksson
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mönn.dags.	22.11.19
Málalýkill	05.7
Mál nr.	1911350

21. nóvember 2019

Efni: vegna fjárhagsáætlunar Garðabæjar fyrir rekstrarárið 2020

Með vísan í fyrri samskipti fulltrúa sóknarnefndar Garðasóknar og fulltrúa bæjarins óskar sóknarnefndin eftir viðræðum vegna málefna kirkjusóknarinnar.

Líkt og aðilum er ljóst liggur fyrir að ráðast þarf í miklar framkvæmdir annars vegar í tengslum við stækkun á Garðakirkjugarði til vestur og hins vegar viðhald á Kirkjuhvoli, Kirkjulundi 3 (Vidalínskirkju og Safnaðarheimili).

Stækkun á Garðakirkjugarði til vesturs

Fyrir liggur gróf kostnaðaráætlun, byggt á raunkostnaði vegna stækkunar kirkjugarðs í austurs, vegna fyrirhugaðra framkvæmda við stækkun Garðakirkjugarðs til vesturs að fjárhæð 20.000.000 kr.

Fulltrúar sóknarnefndar hafa átt í viðræðum við fulltrúa bæjarins og kynnt þeim málið en er það vilji nefndarinnar að taka nú upp formlegar viðræður um.

Ljós er að hér er um að ræða miklar framkvæmdir að ræða og mikilvægt að ráðist verði í þær í góðu samráði og samtarfi við bæjarstjórn Garðabæjar.

Er það von undirritaðs að hægt verði að hefja viðræður hið fyrsta en jafnframt að tekið verði tillit til þessa kostnaðar við gerð fjárhagsáætlunar bæjarins fyrir rekstrarárið 2020.

Viðgerðir og viðhald á Kirkjulundi 3

Með vísan í fyrri samræður aðila liggur fyrir að ráðast þarf í umfangsmiklar viðgerðir og viðhald á fasteignum kirkjunnar í Kirkjulundi 3.

Þegar hefur sóknarnefnd ráðist í útboð vegna framkvæmdanna. Niðurstaða þeirra tilboða, sem þegar hafa verið kynntar, gefa til kynna að áætlaður kostnaður við framkvæmdir geti numið í kringum 40.000.000 m. kr.

Með bréfi þessu er óskað eftir að hefja formlegar viðræður vegna málsins við fulltrúa bæjarstjórnar og jafnframt óskað eftir að tekið verði tillit til þessa þáttar við gerð fjárhagsáætlunar bæjarins fyrir rekstrarárið 2020.

Með vinsemd og virðingu

f.h sóknarnefndar Garðasóknar

Magnús E. Kristjánsson

Formaður sóknarnefndar